

kvæmda, er ekki verða teknar sem prófgreinar, fyrr en deildin ákveður að svo skuli verða. 78

2. ágúst

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 15. september 1945 fyrir stúdenta þá, er skráðir verða í deildina haustið 1945 eða síðar. Fyrra hluta próf verður háð að fullu í fyrsta skipti samkvæmt reglugerð þessari vorið 1948, miðpróf í janúar 1950 og aðalpróf í janúar 1951.

Stúdentar þeir, sem skráðir hafa verið í deildina haustið 1944 eða fyrr, eiga kost á kennslu og kost á að taka próf samkvæmt fyrirætlunum, er deildin setur í samræmi við reglugerð þessa, að svo miklu leyti, er samrýmast má kennslutilhögun þeirri, er verið hefur við deildina.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 2. ágúst 1945.*

**Brynjólfur Bjarnason.**

*Birgir Thorlacius.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

79

20. ágúst

um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að með því að í lögum nr. 42 1943, um dýrtíðarráðstafanir sé ákveðið, að meðan ófriðarástandið haldist skuli verð á landbúnaðarvörum ákveðið í samræmi við vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða, en lagaákvæði þetta sé nú úr gildi fallið við lok styrjaldarinnar og beri því fyrir 15. september n. k. að ákveða að nýju verð landbúnaðarafurða, sé nauðsynlegt að koma nú þegar nýrri skipan á þessi mál. Jafnframt þyki rétt til þess að tryggja fyllsta samræmi í verðlagi landbúnaðarafurða að breyta gildandi lögum á þann veg, að einn aðili ákveði útsöluverð mjólkur, kjöts og garðávaxta í stað þeirra þriggja nefnda, sem nú ákveða verðið.

Með því, að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því, að verðlagningu landbúnaðarafurða sé nú þegar skipað með lögum, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar til eins árs í senn nefnd 25 manna, er nefnist „Búnaðarráð“. Nefndin skal skipuð bændum eða mönnum, sem á einn eða annan hátt starfa í þágu landbúnaðarins. Heimilt er að tilnefna jafnmarga varamenn. Ráðherra tilnefnir formann ráðsins og kallar hann það saman til fundar í síðasta lagi 5. september ár hvert. Það er borgaraleg skylda að taka sæti í búnaðarráði og mæta á fundum þess, nema lögleg forföll hamli.

2. gr.

Fundir búnaðarráðs eru því aðeins lögmatir, að allir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu mættir. Nú stendur svo á, að hvorki aðalmaður né varamaður geta mætt á fundi og skipar þá ráðherra mann í þeirra stað, meðan á forföllum stendur.

## 3. gr.

Á 1. eða 2. fundi sínum skal búnaðarráð kjósa 4 menn í nefnd, er nefnist „Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða“. Nefndarmenn skulu að jafnaði valdir innan vébanda búnaðarráðs, en heimilt er þó að víkja frá því, ef heppilegra er talið. Verðlagsnefnd skal kosin meiri hluta kosningu og er enginn löglega kjörinn nema hann hafi hlotið atkvæði meiri hluta búnaðarráðsmanna. Ef ekki næst meiri hluti við endurtekna frjálsa kosningu, skal kosið bundinni kosningu milli þeirra, er flest hafa fengið atkvæði. Kjósa skal tvo menn til vara í nefndina og taka þeir þar sæti í forföllum aðalmanna.

## 4. gr.

Búnaðarráð gegnir enn fremur þessum störfum:

1. Gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um setningu reglna um gæðaflokkun og verðflokkun landbúnaðarafurða.
2. Ákveður verðjöfnunarsvæði samkvæmt 1. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935 og verðlagssvæði samkvæmt 9. gr. laga nr. 2 9. janúar 1935.
3. Ákveður verðjöfnunargjald á kindakjöt, mjólk og mjólkurafurðir.
4. Stuðlar að hagnýtri verkun og meðferð landbúnaðarafurða og hagkvæmri nýtingu markaða fyrir þær, jafnt innanlands sem utan.

## 5. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal skipuð fimm mönnum, 4 kosnum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna, en formaður búnaðarráðs er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Formaður kveður nefndina til funda og stjórnar störfum hennar.

## 6. gr.

Störf verðlagsnefndar eru:

1. Að ákveða verðlag á landbúnaðarafurðum á innanlandsmarkaði (kjöti alls konar, mjólk og mjólkurafurðum, garðávöxtum).
2. Að annast aðrar framkvæmdir, sem hingað til hafa verið í höndum mjólkursölunefndar, mjólkurverðlagsnefndar, kjötverðlagsnefndar og verðlagsnefndar garðávaxta, sbr. þó ákvæði 4. gr.

## 7. gr.

Verðlagsnefnd ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri sér um daglega afgreiðslu mála og annast önnur störf, er verðlagsnefnd felur honum.

## 8. gr.

Á fundum verðlagsnefndar ræður afl atkvæða úrslitum.

## 9. gr.

Allur kostnaður, er leiðir af störfum búnaðarráðs og verðlagsnefndar, greiðist úr ríkissjóði, eftir reikningi, er ráðherra úskurðar.

## 10. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:

4. gr. og 8. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935.
1. gr. og 2. málslíður 4. gr. laga nr 2 9. janúar 1935.

1. og 2. málsgr. laga nr. 31 2. apríl 1943.

79

Loks eru úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög. 20. ágúst

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. ágúst 1945.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

80

um togarakaup ríkisins.

23. ágúst

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að með því að eitt af aðalatriðum í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sé að hlutast til um, að nýir togarar verði keyptir til landsins, þá hafi farið fram ýtarlegar athuganir á þessu máli, bæði innan lands og utan. Þessar athuganir hafi leitt í ljós, að öruggasta leiðin til þess að fá togara byggða erlendis fljótt og með hagkvæmustu kjörum sé, að ríkisstjórnin gerist aðili að væntanlegum samningum um togarasmíðina. Jafnframt sé nauðsynlegt að hefjast handa nú þegar um þær samningagerðir.

Með því, að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að semja um smíði togarara nú þegar, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 30 togara erlendis með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. ágúst 1945.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.